

89

REGLUGERÐ

31. maí um breyting á reglugerð nr. 132 28. desember 1936, um próf fyrir bifreiðarstjóra.

1. gr.

4. gr. 2. málsgrein orðist svo: Fyrir skirteini þetta greiðist 10 kr. til lögreglustjóra.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1946.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 23 16. júní 1941. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 31. maí 1946.***Finnur Jónsson.***Gústav A. Jónasson.*

90

4. júní

AUGLÝSING

um undanþágu frá aðflutningsgjöldum.

Ráðuneytið hefur með heimild í ákvæðum h-liðs 3. gr. tollskrárlaganna ákveðið að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum:

1. Efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur. Skilyrði undanþágunnar er, að efnið sé óunnið og viðtakandi efnisins reki tunnugerð hér á landi og að við tollmeðferð liggja fyrir yfirlýsing frá honum um það, að efnið verði aðeins notað í tunnur til umbúða um innlendar framleiðsluvörur.
2. Hampgarn til veiðarfæragerðar, en skilyrði undanþágunnar er, að viðtakandi reki veiðarfæragerð og við tollmeðferð liggja fyrir yfirlýsing frá honum um það, að vörurnar verði aðeins notaðar til veiðarfæragerðar í veiðafæragerð hans. Framangreind undanþága gildir frá 1. janúar 1944.

Fjármálaráðuneytið, 4. júní 1946.

F. h. r.

Magnús Gíslason.*Einar Bjarnason.*

91

5. júní

REGLUGERÐ

um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 41 frá 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um starfsemi deildarinnar.

I. KAFLI

Um lánveitingar gegn fyrsta veðrétti í skipum, iðjufyrirtækjum og öðrum eignum í sambandi við sjávarútveg, svo og gegn 1. veðrétti í öðrum fyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti í þágu sjávarútvegsins, skv. 1. mgr. 3. gr. laganna.

1. gr.

Sá, sem sækir um lán úr stofnlánadeildinni, skal láta fylgja umsókn sinni:

- a. Yfirlýsingu frá Nýbyggingarráði um að framkvæmdir þær, sem um er að ræða, séu liðir í heildaráætlun þess um þjóðarbúskap Íslendinga.